

EFTIRLITSSKÝRSLA

Eldisstöðin Íspór hf (Arnarlax) Þorlákshöfn Ölfusi



Dags eftirlits	27.11.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Eldisstöðin Íspór hf (Arnarlax)	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Nesbraut 25	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660509-0380	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Sverrir Valdemarsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fimm frávík komu fram í eftirlitinu. 1) Grænt bókhald fyrir árið 2024 barst fyrir 1. maí 2025 en með ófullnægjandi upplýsingum. 2) Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2024 barst fyrir 1. maí 2025 en með ófullnægjandi upplýsingum. 3) Ársyfirlit fyrir árið 2024 barst fyrir 1. maí 2025 með ófullnægjandi upplýsingum. 4) Engar myndir voru teknar af útrás 2024. 5) Fóður var í viðtaka.

Ekkert frávík var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Starfsleyfið tekur til landeldis á laxfiskum að Nesbraut 25 í Þorlákshöfn. Hámark lífmassa á hverjum tíma má ekki fara yfir 1.800 tonn.

Boðað umfang eftirlitsins:

- Staðan frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Starfsleyfi rekstraraðila og skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir
- Skoðunarferð
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Fylgiskjöl

1. Eitt frávík komu fram í eftirliti árið 2024 og ein ábending var sett fram þar sem töluvert af fugli var við frárennslið við seiðaeldið. Frávíkinu hefur verið lokað. Ennþá er töluvert af fugli við frárennslið.

2. Farið var yfir áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

3. Ársyfirlit vegna ársins 2024 var skilað fyrir 1. maí sl., en með ófullnægjandi upplýsingum. Fosfórlosun var ekki rétt reiknuð og er það frávík. Fullnægjandi ársyfirlit barst 16. desember sl., frávíkinu er lokað. Grænt bókhald vegna ársins 2024 var skilað inn fyrir 1. maí sl., með ófullnægjandi upplýsingum. Fosfórlosun var ekki rétt reiknuð og er það frávík. Útstreymisbókhaldi vegna ársins 2024 var skilað inn fyrir 1. maí sl., með ófullnægjandi upplýsingum. Fosfórlosun var ekki rétt reiknuð og er það frávík. Fullnægjandi útstreymisbókhaldi var skilað þann 16. desember 2025, frávíkinu því lokað. Framleiðsla ársins 2024 var 882,4 tonn og fóðurnotkun var 1055 tonn.

4. Fosfórlosun fyrir árið 2024 reiknast út frá fóðri 9,3 kg P/tonn sem er innan marka starfsleyfis.

5. Farið var yfir áætlanir og eru þær allar til staðar. Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 og var skírteini því til staðfestingar sent eftirlitsaðila að eftirlitinu loknu.

6. Gengið var um stöðina og umhverfið skoðað. Lekavarnir undir hreinsiefni inn í stöðinni voru í lagi. Uppsafnað fóður var í útrás sem er frávík. Rekstraraðili skal taka myndir tvisvar á ári við útrásina til að fylgjast með hvort starfsemin hafi áhrif á umhverfið þar í kring. Engar myndir voru teknar árið 2024 og er það frávík. Töluvert af fugli var við frárennslið.

7. Efnageymslan í stöðinni er með lekabyttum og öryggisblöð eru aðgengileg í efnageymslu.
8. Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí sl. fer stofnunin yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 4.4 í starfsleyfi.	Rekstraraðila ber að skila inn ársyfirliti og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirliti fyrir árið 2024 var með ófullnægjandi upplýsingum, fullnægjandi skil bárust 16. desember 2025, frávikin er lokað.
gr 4.5 í starfsleyfi.	Rekstraraðila ber að skila inn grænu bókhaldi og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Græna bókhaldið fyrir árið 2024 var með ófullnægjandi upplýsingum.
2.gr. rgl.990/2008 um útstreymisbókhald	. Rekstraraðila ber að skila inn útstreymisbókhaldi og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Útstreymisbókhald fyrir árið 2024 var með ófullnægjandi upplýsingum, fullnægjandi skil bárust 16. desember 2025, frávikin er lokað.
gr. 3.5 í starfsleyfi.	Taka skal myndir tvisvar á ári við útrásina til að fylgjast með hvort starfsemin hafi áhrif á umhverfið þar í kring. Hvort rennsli sé viðunnandi. Engar myndir voru teknar við útrásina árið 2024.
gr. 3.5 í starfsleyfi.	Við útrás þar sem fráveituvatni er veitt í viðtaka má ekki vera uppsöfnun næringaefna. Uppsafnað fóður var í útrás.

ÁBENDINGAR

Ein ábending. Töluvert af fugli var við frárrennslið við seiðaeldið.

ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.

Auður Eyberg Helgadóttir